

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. maí 2013
Tilvísun: UST20130300177/ksj

Skipulags- og matslýsing. Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð, aðalskipulagsbreyting - tillaga.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Garðabæjar 2004 – 2016.

Tillaga að breytingu ofangreinds aðalskipulags er til komin vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð. Í heild er skipulagssvæðið 907 ha og verður sá hluti svæðisins sem hefur flokkast sem óbyggð svæði, nú flokkaður sem opin svæði í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Með breytingunni á að skoða möguleika á ræktun útivistarskógs á stærra svæði en er í dag, staðsetja útivistarsvæði og litla útilífsmiðstöð og festa í sessi „Græna stíginn“. Einnig verður staðsetningu göngu- og reiðstíga skoðuð.

Vatnsvernd

Í umfjöllun um verndun kemur fram að helmingur skipulagssvæðisins fellur undir Svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er vatnsvernd á Heiðmerkursvæðinu mikilvægasta landnotkunin og telur stofnunin að önnur landnýting beri að taka fullt tillit til vatnsverndar. Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2010, en markmið þeirra er að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um það að við framkvæmdir innan vatnasviðs Vífilsstaðavatns skuli takmarka með öllum tiltækum ráðum neikvæð áhrif ofanvatns frá byggð á vatnið og lífríki þess.

Sérstaklega bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess við framkvæmd skógræktar bæði vestan og austan Vífilsstaðavatns verði hagað þannig að útilokað verði að áburður fari í vatnið vegna hættu á ofauðgun. Beðist er velvirðingar á því hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

